

Íslenska sem annað tungumál – Aðalnámskrá grunnskóla

Forstig

Hlustun

Nemandi ...

- Skilur einfalt daglegt mál sem varðar hann sjálfan ef talað er hægt og skýrt, s.s. einfaldar spurningar og svör.
- Skilur mjög einfaldar leiðbeiningar með stuðningi mynda, látbragðs o.fl.
- Greinir einstök orð og tölustafi sem kenndir hafa verið í einföldu hljóð- og myndefni.
- Skilur grunnorðaforða, orð á 1. þrepi, orð yfir hluti, fólk og dýr, tölustafi og daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.

Lestur

Nemandi ...

- Tengir íslensk máhljóð við rittákn þeirra. Byrjar að þjálf sig í umskráningu og nær byrjunarfærni í lesfimi.
- Getur lesið og skilið einföld orð og einfaldar lykilsetningar sem honum hafa verið kenndar og eru algengar eða eru studdar myndefni.
- Nýtir sér myndir og tákn til að skilja og skýra merkingu orða.
- Getur lesið mjög einfalda texta með stuðningi t.d. mynda.

Talað mál

Nemandi ...

- Getur, með stuðningi, tekið þátt í einföldum samræðum er varða hann sjálfan, sé talað hægt og skýrt, endurtekið og umorðað eftir þörfum.
- Getur beðið um aðstoð á einfaldan hátt og spurt einfaldra spurninga
- Getur kynnt sig, heilsað, kvatt og þakkað fyrir sig.
- Kann grunnorðaforða, orð á 1. þrepi: getur nefnt orð yfir hluti, liti, fólk, daga, tölur og dýr og einfaldar setningar um daglegar athafnir í nánasta umhverfi, í skólanum, frístundinni og heima.
- Getur á einfaldan hátt tjáð hvað honum líkar/líkar ekki og sagt frá líðan sinni.
- Getur stafað nafnið sitt og gefið upp símanúmer.

Ritun

Nemandi ...

- Getur skrifað íslenska stafrófið eftir fyrirmynd.
- Þekkir íslenska ritátt.
- Getur afritað orð og setningar
- Getur skrifað einföld orð og einfaldar setningar sem hann hefur lært.
- Getur skrifað nafnið sitt.
- Getur teiknað röð mynda og með aðstoð skrifað stök orð eða setningar til að lýsa því sem er að gerast á myndunum (t.d. einföld dagbók).